

Akureyri 19. mars

Í lagafrumvarpi um “skráð trúfélög” sem nú liggur fyrir Alþingi er stefnt að jöfnuði milli trúfélaga og lífsskoðunarfélaga er að finna eftirfarandi setningu:

*“Þá segir jafnframt að styrkur og vernd ríkisins einstökum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum til handa gæti að verulegu leyti byggst á gagnkvæmum samningum milli ríkisins og einstakra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga sem veittu hinu opinbera aukna innsýn í starfsitt, tækju á sig ákveðin hlutverk en hlytu í staðinn tiltekinn styrk.”*

Ég undirritaður vil leggja til að þessi möguleiki verði ekki samþykktur í frumvarpinu því þá eyðileggst allt jafnrétti trú- sem lífsskoðunarfélaga við gildistöku þessara laga. Þessi setning hefur innifalinn möguleika á mismunun af ríkisins hálfu. Ráðherra getur gert “samning” við Hvítasunnusöfnuðinn og veitt meira fjármagni í þann hóp og hallað um leið rétti annara lífsskoðunarfélaga. Best væri að ríkið setti lög og skipti sér síðan ekki af trú eða lífsskoðunum þegnanna nema lífi og limum annarra þegna sé ógnað við breyttar áherslur lífsskoðunarfélagsins. Ekki þarf að minnast á að ógnir og hryðjuverk eru þekkt um allan heim í nafni lífsskoðunarfélaga nægir þar að nefna kommúnismann og Islam. Trúin ein ber ekki sökina heldur stjórnsmál og lífsskoðanir alveg eins.

Í dag er t.d. lífsskoðu VG farin að fetta fingur út í starfsemi “gildishlaðins trúfélags” en þannig rekast lífsskoðanir tveggja hópa á hvers annars horn. VG er sömu “skoðunar” og kommúnistar sem hafa svert samvisku sína með morðum á yfir 100 milljón manns. En hið “gildishlaðna trúfélag” hefur ekki eitt mannlíf á samviskunni. Í nafni ríkis gæti því VG-lífsskoðunarfélagið notið forréttinda af fjárframlögum ríkisins en trúfélögin svelt af því að þau ná ekki “gagnkvæmum samningi” og njóti þess vegna ekki sérstaks styrks.

k.k.

Snorri í Betel